

Umhverfisnefnd Alþingis  
Unnur Kristín Sveinbjarnardóttir  
Alþingi v/Austurvöll  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 30. apríl 2008  
2008040015/42-1-1

**Efni: Frumvarp til laga um vernd, friðun og veiðar..., 477. mál.**

Vísað er til bréfs umhverfisnefndar Alþingis, dags. 17. þ.m. þar sem óskað er eftir álitni Náttúrufræðistofnunar Íslands á frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 64/1994 með síðari breytingum (477. mál).

Náttúrufræðistofnun gerir ekki athugasemd við þær breytingar sá lögunum sem lagðar eru til í frumvarpinu. Náttúrufræðistofnun telur hins vegar að nota hefði átt þetta tækifæri til að endurskoða öll ákvæði 11. greinar laganna, sem lúta að veiðikortum, veiðiskýrslum, gjaldtöku og ráðstöfun tekna af sölu veiðikorta í stað þess að einblína á dagsetningu fyrir skilaskyldu veiðiskýrslna.

Náttúrufræðistofnun telur tímabært að fram fari heildarendurskoðun á villidýralögnum svo kölluðu (nr. 64/1994) í ljósi þeirra fjölmörgu breytinga sem gerðar hafa verið á þeim á undanförunum árum. Einnig vegna dóma sem fallið hafa í málum sem kærð hafa verið með vísun til friðunar- og verndarákvæða laganna.

Virðingarfyllst

Jón Gunnar Ottósson  
forstjóri

